

Því dæmist rétt vera:

Afryjandi Símon Njálsson greiði stefnda Garð-
ari Gíslasyni kr. 53,51 með 5% ársvöxtum frá
20. apríl 1917 til greiðsludags og málskostnað-
fyrir yfirdómi 30 kr. Annar málskostnaður fell-
ur niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8-
vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-áðför.

Mánudaginn 24. júní 1918.

5/1918.

Hannes Jónsson o. fl.
gegn
Sparisjóði Árnassýslu.

D ó m u r :

Samkvæmt skuldabréfi dags. á Fossi á Síðu 9.
nóv. 1911 fekk Jón Steingrímsson, þá bóndi á Fossi,
10000 kr. að láni hjá Sparisjóði Árnassýslu. Í skulda-
bréfinu eru meðal annars þau ákvæði, að lántakandi
skuli endurgjalda allt lánið innan 15. nóv. 1912, að-
vextirnir 6% á ári skuli greiddir fyrirfram og að
hann hafi til tryggingar láninu fengið áfryjendur
þessa máls, þá Hannes Jónsson bónda á Núpstað,
Berg Bergsson bónda á Kálfafelli, Sigurð Jónsson
bónda á Mariubakka, Jón Jónsson bónda á Þverá,
húsfrau Ragnhildi Steingrímsdóttur á Rauðabergi.

Eirík Steingrímsson bónda á Fossi, Jón Sigurðsson bónda á Svinafelli, Þorstein Ásgrímsson á Kirkjubæjar-klaustri og Einar Bergsson á Mýrum, alla í Skafta-fellssýslu, auk Jóns Magnússonar þá bónda í Gaul-verjabæ, til þess að rita undir skuldabréfið sem sjálf-skuldarábyrgðarmenn, og ábyrgjast þeir lánið allir fyrir einn og einn fyrir alla þá til það er að fullu borgað ásamt vöxtum.

Um leið og lánið var tekið greiddi lántakandi eins árs vexti fyrirfram, 2. og 31. desbr. 1912 voru vextir greiddir af láninu til 16. nóv. 1913, og hinn 26. júní 1914 voru vextir greiddir af því til 17. nóv. 1914.

Með því að hvorki lántakandi né ábyrgðarmennirnir gerðu eftir þetta nein skil fyrir láninu, höfðaði stjórn sparisjóðsins, þeir Guðmundur Sigurðsson verzlunarmaður, Sigurður Guðmundsson bóksali og Sveinbjörn Ólafsson verzlunarmaður, allir til heimilis á Eyrarbakka, fyrir hönd sjóðsins með 4 stefnum dags. 20. sept. 1915 mál þetta fyrir gestarétti Árnessýslu gegn lántakanda Jóni Sigurðssyni og framannefndum ábyrgðarmönnum að Jóni Magnússyni undanskildum, og lauk því máli svo fyrir nefndum rétti, að hinir stefndu voru dæmdir til þess in solidum að greiða sparisjóðnum upphæð lánsins 10000 kr. með 7% ársvöxtum frá 17. nóv. 1914 til greiðsludags. Auk þess var lántakandi Jón Steingrímsson dæmdur til að greiða sparisjóðnum 80 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hafa framannefndir ábyrgðarmenn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 28. jan. þ. á.

og krafist þess að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum sparisjóðsins og að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stjórn sparisjóðsins, sem stefnt hefir verið, hefir hins vegar krafist þess, að gestaréttardómurinn verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi.

Áfrýjendur skýra svo frá tildrögum láns þessa, að sumarið 1911 hafi Jón Magnússon, þá bóndi í Gaulverjabæ, komið til Jóns Steingrímssonar á Fossi og boðið að afhenda honum ábúðarréttinn að Gaulverjabæ og selja honum hús, girðingar og nokkuð af búi fyrir 10,000 kr. Hafi Jón í fyrstu verið tregur til þessara samninga, en þó hafi Jón Magnússon tjáð honum, að stjórn sparisjóðs Árnassýslu, sem gagnkunnug sé í Gaulverjabæ, sé reiðubúin til að lána hverjum, sem þetta vilji kaupa, það sem til þeirra kaupa þurfi, þ. e. 10,000 kr. gegn sjálfskuldarábyrgð nokkurra manna; hefði það þá orðið úr, að Jón Steingrímsson hafi farið að Gaulverjabæ til að skoða það, sem á boðstólum var. Um haustið sendi Jón Magnússon austur til Jóns Steingrímssonar; virðast kaupin þá hafa farið fram, og var þá útbúið framanneft skuldabréf til sparisjóðsins og ábyrgðarmenn fengnir.

Um vorið 1912 fór Jón Steingrímsson að Gaulverjabæ samkvæmt samningnum við Jón Magnússon, og halda áfrýjendur því fram, að alt það, er Jón Steingrímsson hafi fengið fyrir 10,000 krónurnar, hafi aðeins verið nokkrar kýr og litilfjörlegt »drasl« alt í hæsta verði 2—3 þúsund króna virði; hafi þessi

kaup gjört hann öreiga, enda hafi hann flosnað upp frá Gaulverjabæ árið eftir. Halda áfrýjendur því fram, að stjórn sparisjóðsins eigi sök á því, að svona hafi farið fyrir Jóni með því að veita honum lánið, þótt henni hafi verið kunnugt um það, hvers virði það var, er hann átti að fá fyrir 10,000 krónurnar, að stjórnin hafi sýnt hina mestu ógætni við lánveitinguna og jafnvel verið í vitorði með Jóni Magnússyni til að féfletta Jón Steingrímsson og gabba ábyrgðarmennina. Stjórnin hafi séð hvernig efnin gengu af honum, vitað þegar hann flosnaði upp frá Gaulverjabæ, en þrátt fyrir það hafi hún enga tilraun gert til að ná reitum hans upp í lánið eða aðvarað ábyrgðarmennina, heldur hafi hún gefið lántakanda greiðslufrest hvað eftir annað. Með þessu framferði sínu gagnvart ábyrgðarmönnum, sérstaklega með því að semja um greiðslufrest á láninu við lántakanda í samtals 2 ár, hafi stefndu aukið áhættu þeirra, svo að þeir séu lausir allra mála við ábyrgð á láninu.

Stefndu neita því hinsvegar eindregið, að þeir á nokkurn hátt hafi stuðlað að umgetnum samningi milli þeirra Jóns Magnússonar og Jóns Steingrímssonar; þeir hafi ekkert vitað um samninga þeirra fyrir en lántakandi hafi komið til þeirra með skuldabréfið 9. nóv., sem hann og ábyrgðarmennirnir hefðu þá verið búnir að undirskrifa; skjalið hafi þá verið eins og það er nú, að því undanteknu að gjalddagi lánsins hafi verið in blanco, en með því að þeir hefðu fengið þær upplýsingar, að lántakandi væri ungur og efnilegur bóndi, er nyti almenns trausts hjá sveit-ungum sínum og að ábyrgðarmennirnir væru vel

efnaðir menn og nægileg trygging fyrir lánu, hafi þeir veitt lánið, enda hefði þeim verið sagt, að Jón Magnússon ætti laglegt bú í Gaulverjabæ og hefði lagt þar mikið í kostnað, bæði í húsabyggingar, girðingar og fleira, og hefði þeim verið sagt að alt þetta fylgi með í kaupunum til Jóns Steingrímssonar auk bústofns og búskálda. Hafi þeir því haft ástæðu til að ætla að Jón Steingrímsson kæmist að góðum kaupum, og sé það því óréttmætt að saka þá um ógætni við lánveitinguna. Þá neita stefndu því, að þeir hafi veitt Jóni Steingrímssyni nokkurn greiðslufrest; hið eina, sem þeir hafi gjört, hafi verið það tvi-vegis að taka á móti vöxtum af láninu, er annar en lántakandi bauð fram greiðslu á þeim; þeir hafi álitid sér þetta bæði heimilt og skylt, og hafi ekki aukið áhættu ábyrgðarmannanna að neinu leyti. Ábyrgðarmennirnir hafi gengið í ábyrgð fyrir Jón Steingrímsson til þess að reisa bú í Gaulverjabæ og hafi þeim hlotið að vera það ljóst, að hann væri ekki fær um að greiða svo stórt lán strax á næsta ári, og það að enginn gjalddagi var ákveðinn í skulda-bréfinu er ábyrgðarmennirnir undirskrifuðu það, sýni og ljóslega, að þeir hafi enga áherzlu lagt á gjalddagann, en þótt svo yrði litið á, að þeir hefðu veitt lántakanda gjaldfrest með því að taka á móti vöxtunum, hefði slíkt verið heimilt, með því að í skulda-bréfinu væri ákveðið að ábyrgðarmennirnir ábyrgðust greiðslu lánsins »þar til það væri að fullu borgað ásamt vöxtum«, en í þessu ákvæði lægi heimild fyrir lánveitanda til veitingar á gjaldfresti þeim, er hér hefði átt sér stað.

Svo sem fram hefir verið tekið átti lánið samkvæmt skuldabréfinu að greiðast 15. nóv. 1912 og voru vextir greiddir til þess dags um leið og lánið var tekið; síðan voru vextir greiddir 2. og 31. desbr. 1912 fyrir tímabilið frá 15. nóv. 1912 til 16. nóv. 1913 og 26. júní 1914 fyrir árið frá 16. nóv. 1913 til 17. nóv. 1914. Þar sem ekki er upplýst í málinu að ábyrgðarmennirnir hafi int vaxtagreiðslur þessar af hendi, verður að gera ráð fyrir því að lántakandi hafi greitt eða látið greiða fyrir sína hönd vextina í þessi 3 skifti, og þótt umræddar vaxtagreiðslur séu ekki nema að nokkru leyti fyrirframgreiðslur, er það engu að síður auðsætt, að stjórn sparisjóðsins hefir, með því að veita vöxtunum móttöku, veitt lántakanda frest á greiðslu höfuðstólsins fyrir það tímabil, er vextirnir voru greiddir fyrir fyrirfram, en þetta virðist samt sem áður ekki geta losað ábyrgðarmennina, áfrýjendur þessa máls, við skuldbindingar þeirra eftir innihaldi skuldabréfsins 9. nóv. 1911.

Eins og tekið hefir verið fram, inniheldur skuldabréfið ákvæði um að ábyrgðarmennirnir ábyrgist lánið »þar til það er að fullu borgað«. Þetta ákvæði bréfsins virðist beint gera ráð fyrir því að lánið verði framlengt að öllu eða einhverju leyti, og það verður því að líta svo á að umrætt ákvæði þess feli í sér samþykki ábyrgðarmannanna til framlengingar á láninu. Það verður því ekki fallist á það, að áfrýjendur hafi losnað við ábyrgð á umræddu láni fyrir þá sök, að stjórn sparisjóðsins veitti hinum umgetnu vöxtum móttöku, og með því að áfrýjendur hafa heldur ekki fært nein rök fyrir því, að stefndu hafi

beitt neinum blekkingum gegn lántakanda eða ábyrgðarmönnum eða yfirleitt stuðlað að því með röngum skýrslum, að ábyrgðarmennirnir tóku að sér ábyrgð á umgetnu láni, ber að dæma áfrýjendur til þess að greiða hina umstefndu upphæð, 10000 kr., með 7% ársvöxtum frá 17. nóv. 1914 til greiðsludags, og staðfesta hinn áfrýjaða gestaréttardóm að því er til þeirra tekur.

Eftir þessum úrslitum verða áfrýjendur að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 50 kr.

Mál þetta var tekið til dóms í héraði 1. okt. og dómur kveðinn upp 15. desbr. f. á. en fyrir þessum drætti eru færð fullnægjandi rök.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur skal vera óraskaður að því er til áfrýjendanna tekur.

Áfrýjendurnir Hannes Jónsson, Bergur Bergsson, Sigurður Jónsson, Jón Jónsson, Ragnhildur Steingrímsdóttir, Eiríkur Steingrímsson, Jón Sigurðsson, Þorsteinn Ásgrímsson og Einar Bergsson greiði in solidum hinum stefndu Guðmundi Sigurðssyni, Sigurði Guðmundssyni og Sveinbirni Ólafssyni fyrir hönd sparisjóðs Árnæssýslu 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður 8 vikur

séu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 24. júní 1918.

Nr. 93/1917.

Björn Lindal fyrir hönd
Ólafs Tryggvasonar
gegn
Árna Jónatanssyni og
Valgeiri Arnasyni.

D ó m u r :

Máli þessu var með landsyfirréttardómi, uppkveðnum 2. okt. 1916, vísað heim til dómsáleggingar um efni þess, og hefir samkvæmt því verið kveðinn upp efnisdómur í málinu í aukarétti Eyjafjarðarsýslu 29. maí f. á. á þá leið að hinir stefndu Árni Jónatansson og Valgeir Arnason voru sýknaðir af öllum kröfum áfrýjanda Björns Lindals fyrir hönd Ólafs Tryggvasonar og hann dæmdur til að greiða þeim 20 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 12. nóv. f. á.

Það er efni málsins, að með bréfi dags. 17. apríl 1914, þingl. 22. maí s. á. afsalaði stefndi Árni Jónatansson, bóndi á Auðbrekku í Skriðuhreppi, syni sínum stefnda Valgeiri Arnasyni til eignar nefnda jörð Auðbrekku með hjáleigunni Bláteig, gegn því að